

Reykjavík, 11. janúar 2018

Til: borgarráðs.

Efni: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verklag vegna hálkuvarna.

Vísað er til fyrir fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verklag vegna hálkuvarna (mál R17120167) dagsett 21. desember sl. Fyrirspurning er svohljóðandi: „Í ljósi fjölmargra ábendinga um ófullnægjandi hálkuvarnir, sem borist hafa úr efri byggðum Reykjavíkur að undanfögnu, óska borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir greinargerð um verklag og fyrirkomulag þessara mála hjá borginni. Þar komi m.a. hvernig staðið sé að hálkuvörnum gatna, gangstétta og göngu- og hjólréiðastíga og hvaða leiðir séu færar til úrbóta að þessu leyti í Breiðholti, Árbæjarhverfi, Selási, Ártúnsholti, Norðlingaholti, Grafarvogi og Grafarholti-Úlfarsárdal.“

Almennt um vetrarþjónustu í Reykjavík

Öll vetrarþjónusta í Reykjavík, hvort sem hún er á götum eða stígum, er því mjög vel skipulögð þar sem unnið er eftir fyrirfram ákveðnu verklagi með starfsfólki sem vinnur á vöktum. Vaktavinnan eru unnin frá viku 46 til viku 13 eða frá nóvember til apríl en báðum megin þessari tímabila er bakvakt ef snjóa skildi utan hefðbundins tímabils. Aðstæður eru því vaktadar reglubundið og mannskapur kallaður út eftir þörfum.

Í grófum dráttum má skipta verkefnum Reykjavíkurborgar við snjóhreinsun, snjómokstur og hálkueyðingu í þrennt eftir því hvort um er að ræða umferðargötur, stíga og gangstéttar eða stofnanalóðir og strætóskýli. Aðstæður kalla á mismunandi tækjakost og aðferðir, en markmiðið er það sama, að tryggja greiðar leiðir. Þá hefur Reykjavíkurborg boðið íbúum að sækja sand og salt á hverfastöðvar og verkþækistöðvar til að bæta öryggi á gönguleiðum á eigin lóðum, nágrenni og heimkeyrslum.

Í vetrarþjónustu gatna er unnið eftir ákveðinni forgangsöröðun og innan ákveðins tímaramma. Frá viku 46 til viku 13 er vakt allan sólarhringinn, sjö daga vikunnar. Verktakar eru skuldbundnir til að vera til taks frá 04:00-22:00 á virkum dögum, en auk þess er hægt að kalla þá út í neyðartilvikum á öðrum tímum. Vaktmenn eru á bakvakt frá viku 40-45 og frá viku 14-15. Vakt tímabilið stendur því yfir í 26 vikur á hverju ári, en verktökum er þó skylt að vera tilbúnir í útkall frá 1. október til 15. maí. Stofnbrautir, strætisvagnaleiðir og fjölfarnar safngötur njóta forgangs, en miðað er við að stofnbrautir og strætisvagnaleiðir séu færar fyrir kl. 7.00 að morgni og að hreinsun annarra megin umferðargatna sé lokið fyrir kl. 8.00.

Húsagötur eru aðeins hreinsaðar séu þær þungfærar einkabílum, komin sé mikil hálka, eða að snjódýpt sé orðin meiri en 15 cm. Út af þessari reglu hefur þó verið brugðið ef talin er hætta á að frysti þegar snjóhryggir hafa myndast. Snjóhreinsun takmarkast við að gera þessar götur akfærar og við hálkuvarnir er ýmist notast við sand eða salt.

Í vetrarþjónustu stíga eru stofnstígar, það er göngu- og hjólastígar milli borgarhluta, í forgangi sem skal vera lokið fyrir 07:30. Síðan er farið í helstu gönguleiðir, að biðstöðvum strætisvagna og að skólum sem eiga að vera greiðfærar fyrir kl. 8.00 virka daga. Aðrir almennir stígar eiga að vera færir fyrir hádegi. Aðrar leiðir skulu teknar innan 36 klst. frá því



snjóar. Ákveðnar gönguleiðir eru settar í lægsta þjónustuflokk og eru þá jafnan ekki þjónustaðar. Vaktatímabil vegna vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða er hið sama og í götum, þ.e. 26 vikur. Vaktir standa yfir frá kl 03:30-07:30 á virkum dögum og á laugardögum. Bakvakt er frá kl 07:30-12:00 á sunnudögum, sem er viðbót við það sem áður hefur verið. Hægt er að nálgast kort yfir forgang í vetrarþjónustu gatna sem og hjóla- og gönguleiðir í Borgarvefsjá, ásamt skýringum.

Gönguleiðir og bílastæði við leikskóla, grunnskóla, sundlaugar og nokkrar stofnanir hjá velferðarsviði eru þjónustaðar auk þess að mokað er frá strætóskýlum og svæðið og aðkomuleiðir kringum þau háлкуvarin. Listi yfir þessar stofnanir er unninn í samvinnu við Velferðarsvið og yfirfarinn reglulega. Vinna við snjóhreinsun hefst um klukkan 04:00. Á haustin er boðið upp á sand og salt í pokum til leik- og grunnskóla til að starfsfólk þessara stofnana geti tryggt ástand þegar mætt er til vinnu.

Vetrarþjónusta í Reykjavík er umfangsmikið verkefni eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu sem sýnir lengdartölur eftir þjónustuflokkum. Þar kemur fram að þjónustaðar götur nema um 1200 km en lengdir stíga eru um 811 km. Algengt er að í götum sé kallað út í þjónustuflokk eitt og tvö, sem nemur um 537 km. Ef snjóar samfelld yfir daginn, þarf að byrja upp á nýtt og það kemur fyrir að farnar eru þrjár umferðir yfir þessa þjónustuflokka á dag.

Götur	Ruðningslengd (m)	Götulengd (m)
Þjónustuflokkur 1 Reykjavíkurborg	371.770	200.537
Þjónustuflokkur 2 Reykjavíkurborg	165.308	85.502
Þjónustuflokkur 3 Reykjavíkurborg	418.895	218.501
Upphitað	8.482	8.482
Þjónustuflokkur 1 Vegagerðin	249.061	115.228
Samtals götur:	1.213.516	
Göngu- og hjólaleiðir	Ruðningslengd (m)	
Þjónustuflokkur 1+	63.122	
Þjónustuflokkur 1	184.834	
Þjónustuflokkur 2	164.016	
Þjónustuflokkur 3	129.966	
Þjónustuflokkur 4	247.737	
Upphitað	22.090	
Samtals göngu- og hjólaleiðir:	811.766	
Ruðningsleiðir og upphitun:	2.025.282	

Í öllum tilfellum er reynt að koma í veg fyrir slys með góðri þjónustu en hafa verður í huga að ekki gerast öll slys vegna snjós og háлку á borgarlandinu. Haft var samband við bráðadeild Landsspítala til að fá upplýsingar um staðsetningar slysa vegna háлку. Bráðadeildin heldur ekki sérstaklega utan um slík slys er varðar staðsetningu og ástæður slyss vegna háлку. Þó kom í ljós í þessum samskiptum, er varða háلكuslys, að þau gerast alla jafna þar sem fólk er flest. Um jólin var t.d. mikið um slys vegna háلكu í kirkjugörðum ásamt við verslanir og þjónustufyrirtæki – ekki á borgarlandinu. Svo er alltaf spurning um hvað stór hluti slíkra slysa



gerast á einkalóðum íbúa, en Reykjavík og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu gætu nýtt slíkar upplýsingar í störfum sínum, væru þær fyrir hendi. Þetta er ekki vitað.

Kostnaður við vetrarþjónustu í Reykjavík

Kostnaður vegna vetrarþjónustu fer eftir árferði hverju sinni, en alltaf er þó um að ræða fastan kostnað vegna viðverugjalds verktaka, launa starfsfólks og leigu á búnaði í eigu Eignasjóðs. Að neðan er tafla sem sýnir kostnað vegna vetrarþjónustu á verðlagi hvers árs. Sýndur er heildarkostnaður, kostnaður vegna vinnu verktaka á götum og kostnaður vegna eigin vinnu og verktakavinnu á stígum. Ekki er sýndur annar kostnaður vegna vetrarþjónustu í þessari töflu t.d. vegna hitakerfa, saltkaupa, stofnanalóða og annars reksturs.

	Heildarkostnaður á allri vetrarþjónustu eftir árum	Götur-verktakar	Gönguleiðir-verktakar	Gönguleiðir-eigin vinna
2008	401.329.546	94.958.612	31.572.220	69.766.689
2009	291.468.954	67.266.470	12.254.377	74.552.462
2010	213.033.442	82.044.453	9.482.199	48.450.036
2011	380.947.072	154.267.794	9.593.730	94.395.660
2012	596.570.620	231.470.861	10.110.006	110.692.215
2013	436.051.868	148.253.519	12.682.344	114.822.205
2014	602.235.218	197.370.151	20.884.478	119.993.481
2015	751.836.761	255.166.001	33.488.402	171.299.043
2016	633.893.478	222.927.731	26.279.245	139.827.655

Hálkuvarnir í austurhluta Reykjavíkur

Þjónustan í austurhluta borgarinnar er umfangsmikil. Heildarlengd gatna er 270 km en stundum þarf að fara fram og tilbaka á þessum götum sem eykur svonefnda ruðningslengd. Ruðningslengdir gatna sem eru snjóhreinsaðar í austurhluta borgarinnar er 534 km en þar af sér Vegagerðin um að þjónusta 76 km. Lengdir stíga og stétta með bundið slitlag, sem falla undir vetrarþjónustu í efri byggð, eru 396 km.

Verklag við snjóhreinsun og hálkuvarnir í Reykjavík er allsstaðar það sama en því er lýst í grundvallaratriðum hér að framan. Austurhluti borgarinnar (efri byggð) getur oft þurft meiri vetrarþjónustu en vesturhlutinn enda liggur landið hærra – allt að um 100 m h.y.s. Eftirlitsmenn eru meðvitaðir um þennan mun og oftast er einvörðungu kallað á vetrarþjónustu í austurhluta borgarinnar en ekki í vesturhluta.

Hverfastöðvar sjá um þjónustu á stofnanalóðum og strætisvagnaskýlum ásamt tilfallandi tröppum og þrengingum þar sem vélar komast ekki að. Þessi þjónusta er, líkt og önnur vetrarþjónusta, kölluð út eftir þörfum. Fylgst er með veðurspá daginn áður og kallað út eftir henni. Í sumum tilfellum er kallað út eftir ábendingum t.d. rekstrarstjóra eða rekstrarfulltrúa um kl. 04:00 um nóttina. Reynt er að klára aðgengi að leik- og grunnskólum ásamt stofnanalóðum fyrir kl. 08:00 en ef um mikinn snjó er að ræða getur verkefnið dregist fram að hádegi, jafnvel lengur. Hér er miðað við að þjónustuþegar og starfsmenn þurfi að komast að þessum stofnunum þegar þær opna t.d. skólar.

Í haust var tekin ákvörðun um að bjóða út vetrarþjónustu stíga utan stofnleiða í austurhlutanum og því beitt sama verklagi og í vesturhlutanum þar sem verktaki hefur séð um þessa þjónustu undanfarin ár. Verktaka hefur yfirleitt gengið vel að uppfylla útboðssamning



en þó hefur þurft að gera athugasemdir við verklag. Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins lítur þó á þessar athugasemdir sem byrjendaörðuleika sem verða sniðnir af með meiri reynslu og þekkingu verktaka á svæðinu.

Mögulegar úrbætur

Við mat á leiðum til úrbóta í vetrarþjónustu í austurhluta borgarinnar verður að líta á allt borgarlandið sem heild. Spyrja verður hve mikla þjónustu eigi að veita og hvað sé ásættanlegt að hún kosti. Einnig verður að taka með í reikninginn hvort viðkomandi ósk um þjónustu sé raunhæf út frá núverandi bolmagni borgarinnar og verktaka. Hér mætti nefna atriði eins og hvort til séu nægjanlega margar vélar og mannskapur í verkefnið ef fjármagn er ekki fyrirstaða. Þegar mikill snjór fellur á borgarlandið eru nánast allar vélar úti sem til eru og aðgengilegar á höfuðborgarsvæðinu.

Mögulegar tillögur að úrbótum:

- 1) Auka á viðveru eftirlitsmanna með vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða um helgar.
- 2) Ákveðið hlutfall af heildarkostnaði umfangsmeiri verkefna fari í rannsóknarvinnu á því sviði sem um ræðir. Einnig að auka við þekkingu starfsmanna og stjórnenda á vetrarþjónustu.
- 3) Athuga betur norrænt samstarf og hvað aðrar borgir á svipaðri breiddagráðu eru að gera og hvaða þjónustu þeir veita á veturna. Er Reykjavík með sambærilega þjónustu og aðrir í svipuðum aðstæðum, meiri eða minni?
- 4) Stefna að því að moka snjó í burtu í meira mæli en hingað til hefur verið gert.
- 5) Auka við sérhæfðari tækjabúnað til að auka þjónustu. Hér mætti nefna minni tæki í þrengri rýmum og skoða þörf á fjölgun starfsfólks í samhengi við fjölgun tækja og aukinna verkefna sem gætu til fallið.
- 6) Auka við notkun á nýjustu tækni við mat á þörf fyrir vetrarþjónustu. Hér mætti nefna mælitæki víðsvegar um borgina og aukna þjónustu t.d. veðurspár fyrir vetrarþjónustu í Reykjavík.
- 7) Auka samstarf við Vegagerðina t.d. að skoða breytingar á eftirliti við vetrarþjónustu.
- 8) Athuga með hvort hægt sé að nýta starfsemi hverfastöðva í meira mæli vegna hálkuvarna í húsagötum sem nú þegar eru í lægsta þjónustuflokki.

Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins.